



Fundur í aðalstjórn Aftureldingar, 27. september 2023.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18:00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BJ), Hrafn Ingvarsson (HI), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Inga Hallsteinsdóttir (IH), Hildur Pála Gunnarsdóttir (HPG),

Mættir starfsmenn:

Grétar Eggertsson (GE) framkvæmdastjóri, Árni Bragi Eyjólfsson (ÁBE) íþróttafulltrúi.

Dagskrá:

- 1. Rekstrarstjóri BUR – umræða um næsta yfirmann**

BUR knattspyrna hefur ráðið inn starfsmann í 50% starf sem rekstrarstjóra. Beiðni hefur komið frá BUR um að næsti yfirmaður starfsmanns verði framkvæmdastjóri félagsins í stað ráðsins. Stjórn tók umræðu um málið og fór yfir þær áskoranir sem í því felast að færa starfsmann deildar undir stjórn framkvæmdastjóra. Samþykkt var að framkvæmdastjóri verði næsti yfirmaður starfsmanns en gera þarf skýrt í hverju það felst þannig að allir aðilar séu upplýstir um hvað þessi ákvörðun felur í sér.
- 2. Rekstrarstaða deilda**

Farið var yfir rekstrarstöðu deilda og framkvæmdastjóri mun boða þær deildir til fundar með stjórn þar sem talið er þörf á að yfirfara rekstur og fjárhagslega stöðu. Mikilvægt er að ná þeim fundum sem allra fyrst.
- 3. Knattspyrnudeild – samantekt eftir fund um aðstöðumál**

HI fór yfir þann fund sem knattspyrnudeild boðaði aðalstjórn á til að ræða aðstöðumál deildarinnar og sýn þeirra á hvernig uppbygging og forgagnsröðun næstu framkvæmda á Varmárvæðinu ætti að vera. Umræða var góð á fundinum og það kom skýrt fram hjá HI að breytingar á forgagnsröðun verkefna væri alltaf í höndum formannafundar félagsins. Góð umræða varð um forgagnsröðun félagsins.
- 4. Starsfdagur þjálfara**

ÁBE upplýsti að starfsdagur þjálfara væri þann 31. október frá kl. 18:00-21:00 og verið væri að vinna í skipulagningu á deginum.
- 5. Fréttir frá skrifstofu**
 - GE og SRM áttu fund með Sessor þar sem var farið yfir hvernig samstarfið hefur gengið fyrir sig. Sessor lýsti yfir áhuga að taka að sér meiri verkefni fyrir félagið og hefur lagt fram tilboð/tillögur í þá átt. Umræða var innan stjórnar um hvaða skref væru best að taka varðandi styrkingu á skrifstofu félagsins og aðilar sammála um að það þarf að skoða það vel hvaða leið eigi að vera valin.



- Fyrsti tími í íþróttaskóla barnanna fór af stað um síðustu helgi undir stjórn Valal hjá blakdeild Aftureldingar. Mikil ánægja var með tímana og miðað við fyrstu viðbrögð að þá er þetta í góðri umsjón. Aðgengi að búnaði þeim sem fellur undir stjórn íþróttakennara verður í höndum framkvæmdastjóra og þarf að taka annað samtal með þeim um aðgengi. Keypt hafa verið búnaður fyrir skólann fyrir um kr. 110.000 sem er eign félagsins en líklegt er að það eigi eftir að bæta eitthvað við í búnaði.
- Styrktaraðstaða félagsins er orðin fullkláruð í efri sal og eingöngu á eftir að klára aðgangsmál og stýringar en það verkefni er í vinnslu. Mikil ánægja er með aðstöðuna á meðal iðkenda og þjálfara og ljóst að þetta kemur til með að breyta allri styrktarþjálfun okkar afreksfólks í framtíðinni. Golfklúbbur Mosfellsbæjar mun koma með sína styrktarþjálfun einnig hér inn og mun þeim verða fundinn tími í stundartöflu. Næsta skref að hefja undirbúning á aðstöðu í neðri sal og hafa fyrirspurnir verið sendar til Mosfellsbæjar með næstu skref varðandi þá aðstöðu. Samhliða þessu að þá er verið að kalla eftir samningi félagsins við bæinn um styrktaraðstöðuna. Stjórn er sammála um að hafa nafnasamkeppni á styrktaraðstöðunni og mun skrifstofan koma því verkefni í gang.
- Fundir með deildum og áætlanagerð er það verkefni sem er framundan og biður framkvæmdastjóri aðalstjórn að upplýsa sig um hvernig þau vilja að staðið sé að þessum fundum. Tillaga framkvæmdastjóra er að eitt af meginverkefnum fundanna eigi að snúa að áætlanagerð, uppsetningu hennar og tilgangi.

6. Fréttir frá Mosfellsbæ

Stjórn Aftureldingar mun óska eftir fundi í samráðshóp.

7. Önnur mál

- SRM og GE hafa verið að vinna í því að klára frágang á þeim afsláttum á milli deilda sem verða við í skráningum í Sportabler. Það verkefni klárast í október
- Frí framkvæmdastjóra 6. október – 13. október

Fundi slitlið kl. 20:10

Grétar Eggertsson ritaði fundargerð.